



BYGGINGARLYSING

ALMENNT

Húsið er byggt í áföngum. Helstu áfangar eru bakhús og framhús. Aðalbyggingarhluti er steinsteypa.

Norðlæg álma líla austurs snýr að bakliði, svonefnt bakhús. Hún er kjallari og 2 hæðir. Hún er fullbyggð og í nokkun sem skrifstofuhúsnæði. Ekki er gert ráð fyrir breytingum þar. Milli fram- og bakhúss er lóðfalldur steyptur veggur og eru engin tengli milli áfangna möguleg nema um stigahús. Steypt loftplata er yfir 2. hæð bakhúss og þar yfir hefðbundni uppstígað timburþak kleitt með bóruárni.

Aðalstigahús er ekki fullinnréttað. Eftir er að koma fyrir lyftu, lyftuvél og loftresibúnaði. Auk þess að vera stigahús fyrir framhús nýlist það sem neyðarstigi fyrir bakhús.

Bakhús og stigahús eru einangruð að innan 6 hefðbundin hött. Útveggir eru ekki kleddir að utan.

Framhús, síðari áfangi, snýr að Reykjavíkurvegi. Það telst vera aðalálma hússins og er 3 hæðir auk kjallara. Aðalinnangangur er á framhlíð en auk hans er bakinnangangur að kjallara stigahúss á ándverðri hlíð. Þaðan er greið leið til allra hæða.

Kjallari er aðallega tæknirými, geymslur og kaffistofa starfsfélíks.

1. hæð er hönnuð sem verslunar- og/eða þjónusturými. Hér er og aðalinnangangur og anddyri hússins.
2. og 3. hæð eru hönnuðar sem skrifstofuhúsnæði.

Tæknirými við stigagang eru lóðréttar lagnaletir sem ná frá kjallara upp á 3. hæð.

Framhús er að mestu fullgert að utan og tilbúið til innréttingar. Það er kleitt að utan. Útveggir kjallara og 1. hæðar eru einangraðir að innan og múrhúðaðir á hefðbundin hött. Einangrun er 100 mm frauþplast. Útveggir 1. hæðar eru kleddir að utan með steyptum plötum, 400 x 600 mm. Útveggir efri hæða eru einangraðir að utan með 100 mm steinuli og kleddir með óplötum. Gluggar eru smíðaðir úr mahóni og glergjafir með tvöfaldu gleri.

Þak framhúss er samsett úr "Yleiningum". Þar hvíla aðallega á þakstól sem ofur hvílir á steyptri plötu og steyptum bitum, en að hluta á límtíjm. Yleiningar eru stálkleddar að ofan og neðan.

Byggingarhlutar hafa verið einangraðir skv. samþykktum teikningum í samræmi við byggingarreglugerð, sjó áður samþykktar teikningar og sérteikningar arkitekta og verkfræðings.

ELDVARNIR

Burðarvirki hússins er a.m.k. R60 og hæðarskil a.m.k. REI90. Tvöfaldir steyptur veggur er milli framhúss og bakhúss A-REI120. Þakplata yfir 3. hæð framhúss er A-REI60 og steyptir bitar sem bera þak eru a.m.k. R60.

Veggir ("veggstúbbar"), EI60, sem afmarka rými þar sem opið er upp í þak eru trégrindarveggir, kleddir 2 lögum (2 x 13 mm) af gífsplötum. Fyllt er í trégrind, a.m.k. 100 mm, með steinuli.

Límtresbílar í þaki eru R60. Þeir eru að hluta í séstöku lokaðu þakrymi sem hólað er frá öðru húsrými með steyptri plötu A-REI60, og EI60-veggjum. Límtresbílar yfir "önum" hluta 3. hæðar eru varðir á bak við hvö lög af gífsplötum, 2 x 13 mm.

Tæknirými við stigagang eru afmörkuð frá öðrum rýmum með A-REI60 veggjum og þakplötu og A-EI-CS60 hurðum. Veggir sem afmarka tæknirými þessi í kjallara eru að hluta stálgrindarveggir m. 50 mm steinuli kleddir tvöfaldu gífsplötum á báðum vegum, A-EI60.

Kaffistofa starfsfélíks er höfðuð frá öðru húsrými kjallara með A-EI60 veggjum, dyr að kjallara gangi A-EI-CS60, dyr að stigahúsi EI-CS30 og gler til hlíðar E30. Brunaslöngu er í kaffistofu nest dýrum að stigahúsi.

Allar kleðningar í loftum og á veggjum skulu vera í flokki 1 skv. byggingarreglugerð. Þar sem ekki er steypt loftplata yfir 3. hæð, kemur burðargrind úr timri neðan við yleiningar. Grind þessi er fest í þakviði og á vegg ofan við steinbita. Grindin er kledd með 2 lögum, 2 x 13 mm, gífsplötum.

Útgönguleiðir eru skilgreindar á grunnmyndum. Á efri hæðum framhúss eru svalir og hringstígar á báðum skammhlíðum.

Sjálfríkt brunavörðunarkerfi er í húsinu tengt viðurkennri vaktstöð, hönnuð og uppsett skv. reglum Brunamálastofnunar ríkisins og IST EN54.

Ljósamerki, ÚT-ljós og neyðarlýsing, verði áfarð skv. byggingarreglugerð. Handstökkiðunabúnaður verði settur upp í samræði við eldvörnartírfir/slökkvi-íðestjóra. Brunastöngur verði í hverri brunasamtöðu/rekstraréiningu, og á það við um kjallara og allar hæðir hússins.

Loftresikerfi verður í húsinu; eldvörnartökur verða í stökkum þar sem þeir fara milli brunahóla.

Lyfta í stigahúsi er víralyfta. Lyftu og vél er komið fyrir í lyftustokki og er vélín efst í stökknum. Útloftun/reyklosun er út um útvegg efst í stigahúsi. Þar sem loftstokkur fer gegnum rými milli lyftustokks og útveggjar er hann varinn með 50 mm steinulörmottu sem stálnei er vafið utan um. Lyftustokkur er steyptur á þrjú vegu (A-REI60), en þil í framhlíð er byggt úr stáli.

Lyfta, ytri og innri hurðir eru byggð úr A-efnum. Hurðir eru EIC30.

Endursk. 1: 27.12.99 Viðbygging við bakinnangang. Breytt innra skipulag kjallara, kaffistofa starfsfélíks.

Verk: KPMG Endurskoðun hf H. NG/GeSO
Heiti: Reykjavíkurvegur 76 Hafnarfirði M. 1:100 Nr. A113-N
Grunnm. kjallara D. 16.10.'99 E.1 27.12.'99

Arkitektor FAI Njörður Geirdal kt. 060639-7799 og Gunnar S. Óskorsson kt. 180544-4299
Teiknistofa Skipholti 5 105 Reykjavík s 551 7980 / 551 7985 f 551 7989 geso@centrum.is